

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 529/1996 um innkaup og sölu tóbaks
og skilmálum í viðskiptum við birgja.

1. mgr. orðist svo:

Tóbaki er deilt í 4 söluflokka:

1. Kjarna.
2. Reynsluflokk.
3. Sérflokk.
4. Sérpantanir.

5. mgr. orðist svo:

Sérflokkur tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali vindla og píputóbaks. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir tóbaks eru faltar í sérflokki.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 29. apríl 1997.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins

Hildur Petersen

Árni Tómasson

Þórarinn Sveinsson

Breyting þessi á reglum nr. 529/1996, um innkaup og sölu tóbaks og skilmála í viðskiptum við birgja, staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 6. maí 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

21. apríl 1997

Nr. 296

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Önnu K. Nordal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Önnu K. Nordal. Heitir hann eftir vestur íslensku konunni Önnu K. Nordal sem búsett er að Gimli í Manitoba í Kanada. Anna K. Nordal gaf stofnfé sjóðsins með þeim skilyrðum sem sett eru í skipulagsskrá þessa.

2. gr.

Grunnstofnfé sjóðsins eru 15.000,- kanadískir dollarar (US\$ 12.219,63) sem lagðir voru inn í Íslandsbanka þann 16. ágúst 1988. Staða sjóðsins þann 9. apríl 1997 eru US\$ 41.896,59 (þ.e. kr. 2.988.065,- miðað við gengi 71,32). Ekki má skerða grunnstofnfé sjóðsins.